

30. apríl 2014

Tillaga og ósk um stuðning frá Hafnarfirði,

Snark ehf., kvikmynda- og framleiðslufyrirtæki, hefur undanfarna mánuði unnið að undirbúningi tónlistarmyndbands sem hefur það að markmiði að auka umhverfisvitund ungs fólks á aldrinum 15-25 ára og auka áhuga þeirra á flokkun og endurvinnslu á sorpi.

Snark hefur átt í góðum samskiptum við Sorpu sem hafa lýst því yfir að þörf sé fyrir verkefnið því erfiðlega hefur gengið að vekja áhuga og vitund ungra einstaklinga á endurvinnslu og flokkun. Sorpa hefur nú þegar gefið Snark ehf. vilyrði fyrir því að leggja 1.000.000 kr í verkefnið koma þannig fjármögnun þess. Einnig hefur Reykjavíkurborg ákveðið að styrkja verkefnið um 500.000 kr og Seltjarnarnesbær um 100.000 kr..

Að því tilefni vill Snark ehf. biðla til þín um aðstoða við verkefnið, með aðkomu að fjármögnun fyrir framleiðslu þess.

Snark ehf. hefur viðtæka reynslu af framleiðslu kvikmyndaefnis, auglýsinga og tónlistarmyndbanda og hefur unnið vel með helstu auglýsingastofum Íslands og framleitt myndbönd fyrir ýmsa af fremstu tónlistarmönnum Íslands. Til að mynda má nefna myndband við Lagið „Fall“ með hljómsveitinni Bloodgroup, en myndbandið var tilnefnt til verðlauna X977 sem besta tónlistarmyndband 2013.

#### Lýsing á myndbandi:

Lag og tónlistarmyndband hefur endurvinnslu og flokkun á rusli sem megin sögusvið. Lögð verður áhersla á hæfileikaríkt ungt fólk í aðalhlutverki. Lagt er upp með að öll hljóð í tónlist komi frá „rusli“ og endurunnum hljóðfærum og hefur Snark komið á samstarfi með Pamelu De Sensi sem hefur haldið námskeið víða um Ísland þar sem hún kennir hljóðfærasmíði úr „rusli“. Einnig hefur Snark tengsl við ýmsa af fremstu tónlistarmönnum landsins og mun leita til þeirra við vinnslu tónlistar fyrir verkefnið.

#### Kostnaður:

Framleiðslukostnaður við verkefnið er áætlaður að verði um 3mkr. fyrir utan sérstök leyfisgjöld vegna notkunar á tónlist eða annað slíkt, og er áætlað er að 15 manns muni koma að framleiðslu verkefnisins á vegum Snark ehf.

#### Fjármögnun:

Sorpa hefur gefið vilyrði að leggja 1.000.000 kr í verkefnið, Reykjavíkurborg hefur gefið vilyrði fyrir 500.000 kr og Seltjarnarnes 100.000 krónur. Fjárvöntun er því 1.400.000 kr og er biðlað til þíns sveitarfélags um aðkomu inn í þennan hluta fjármögnunarinnar.

Snark er einnig opið fyrir því að opna fyrir aðkomu fleiri aðila, sem yrði þá gert í samstarfi og í sátt við styrktaraðila til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Hugmynd um upphæði gæti verið 2-300 þúsund, þótt víst þyki að það stuðli að velgengi verkefnisins, sjáið þið ykkur fært um að styrkja verkefnið frekar.

Að auki er Snark ehf. opið fyrir öllum hugmyndum, og mun taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram kunna að koma, svo framarlega að ráðrúm og svigrúm fyrir framkvæmd og fjármögnun sé fyrir hendi. Einnig að birtingar efnisins verði frjálsar og nýtist sveitarfélögum til kynningar fyrir innri starfsemi sem og út á við.

Virðingafyllst,

Ólafur Páll Torfason, frkv.stj. Snark ehf. , [www.snark.is](http://www.snark.is)

## Viðhengi:

### Lýsing frá leikstjóra að handriti:

Við fylgjumst með aðalsögupersónu sem notar allskonar endurvinnanlega hluti til þess að búa til tóna og hljóð. Smám saman byggist lagið upp og ný hljóð og hljóðfæri bætast inn í lagið.

Því meira sem aðalpersónan hreyfist og spilar, því meira tekur fólk eftir honum og tekur þátt. Myndbandið endar á því að „allir“ í hverfinu eru farnir að taka þátt í laginu lagið með honum og þá í raun og veru farin að taka þátt í “endurvinnslu”

Tónlistin verður gerð öll á undan með handritið til hliðsjónar. Þar verður tónlistin spiluð inn og hljóðin tekin upp frá endurvinnanlegu hlutunum sem við notuð verða í laginu. Lagið sjálft á að vera taktfast glaðlegt popplag.

Dæmi: Aðalsöguhetja labbar úr húsasundi inn í garð með bros á vör. Þar finnur hann plastflöskur. Hann tekur þær og labbar að plasttunnum sem hafa verið settar upp eins og trommusett og tekur trommusolo í miðju laginu með plastflöskunum. Hann endar þetta á að „þrykkja“ þeim í trommusettið svo að þær fljúga upp í loftið á meðan hann gengur út úr ramma og inn í næstu aðstæður.

Öll hljóðfærin voru úr plasti í þessu atriði. Í næsta atriði verður til dæmis gler hljóðfæri eða aðstæður þar sem hann spilar laglínuna á gler og við heyrum í því hljóðfæri.

### Moodboard og inspiration Linkar:

Recycled Orchestra - <https://www.youtube.com/watch?v=sJxxdQox7n0>

Street Musician - <https://www.youtube.com/watch?v=at8jUWoyBeQ>

Stony - <https://www.youtube.com/watch?v=J8Z50f4zonE>